

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Auður L. Arnþórsdóttir	<i>Fundarstaður:</i>	Teams
<i>Fundarstjóri:</i>	Auður L. Arnþórsdóttir	<i>Dagsetning:</i>	10. október 2023
<i>Fundarritari:</i>	Þórður Heimir Sveinsson	<i>Fundartími:</i>	10:00-11:30
<i>Pátttakendur:</i>	Auður L. Arnþórsdóttir (varamaður í fjarveru Sigurborgar Daðadóttur, Yfirdýralæknir og formanns Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafrannsóknarstofnun), Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknarstofnun) Berglind Helga Bergsdóttir (sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun) og Gísli Jónsson (sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun)		

Dagskrá

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um lyfjameðhöndlun.

Umræða

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um leyfi til að lúsameðhöndla eldislaxa í sjókvíaelði.
 - Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með AlphaMax (deltametrin) í baðlausn og Salmosan (Azamethiphos) lúsalyfjum fyrir kvíar í *Laugardal, Tálknafirði*. Um er að ræða uppfærða umsókn sem tekin var fyrir á fundi nefndarinnar 4. október sl., en meðhöndlun ekki hafin fyrir fund nefndarinnar 10. október. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að út frá fyrirliggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun mælir nefndin með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
 - Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með AlphaMax (deltametrin) í baðlausn og Salmosan (Azamethiphos) lúsalyfjum fyrir kvíar í *Hvannadal, Tálknafirði*. Um er að ræða uppfærða umsókn sem tekin var fyrir á fundi nefndarinnar 4. október sl., en meðhöndlun ekki hafin fyrir fund nefndarinnar 10. október. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að út frá fyrirliggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun mælir nefndin með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
 - Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með Slice (emamectin) lyfjablönduðu fóðri og Salmosan (Azamethiphos) lúsalyfi fyrir kvíar við *Haganes í Arnarfirði*. Um er að ræða uppfærða umsókn sem tekin var fyrir á fundi nefndarinnar 4. október sl., en meðhöndlun ekki hafin fyrir fund nefndarinnar 10. október. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að út frá fyrirliggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun mælir nefndin með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
 - Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með Slice (emamectin) lyfjablönduðu fóðri og Salmosan (Azamethiphos) lúsalyfi fyrir kvíar við *Steinanes í Arnarfirði*. Um er að ræða uppfærða umsókn sem tekin var fyrir á fundi nefndarinnar 4. október sl., en meðhöndlun ekki hafin fyrir fund nefndarinnar 10. október. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að út frá fyrirliggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun mælir nefndin með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.

- e. Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með Salmosan (Azamethiphos) lúsalyfi fyrir kvíar í *Hringsdal í Arnarfirði*. Umsókninni hafði verið frestað frá síðasta fundi nefndarinnar 4. október sl., þar til frekari upplýsingar lægju fyrir. Að umfjöllun lokinni og í samræmi við upplýsingar sem hafa borist komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að út frá fyrirliggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun mælir nefndin með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:30